

Gjaldskrá Rekstrarfélags Sarps frá 1.1.2017

Árlegt þjónustugjald

Gjaldskrá Rekstrarfélags Sarps er þrepaskipt og tekur mið af ársverkfjölda viðkomandi safns.

Miðað er við 120.000 kr. á ári fyrir hvert ársverk (sem samsvarar 10.000 kr. á mánuði). Eftir því sem ársverkum fjölgar er stigvaxandi álagning á gjald hvers ársverks, reiknað í þrepum eins og sjá má í eftirfarandi töflu.

Prepaskipting	Verð á þrepi (kr.)
Ársverk á bilinu 0 og 5	120.000
Ársverk umfram 5 og upp í 10: Grunn gjald með 20% álagi	144.000
Ársverk umfram 10 og upp í 20: Grunn gjald með 40% álagi	168.000
Ársverk umfram 20 og upp í 30: Grunn gjald með 80% álagi	216.000
Ársverk umfram 30 og upp í 40: Grunn gjald með 100% álagi	240.000
Ársverk umfram 40 og upp í 50: Grunn gjald með 120% álagi	264.000
Ársverk umfram 50: Álag eykst um 20% á hverju þrepi (tíu ársverk) sem við bætist en verður þó aldrei hærri en 200%.	

Tekið er mið af nýjustu ársverkatölum viðurkenndra safna hjá safnaráði, en önnur söfn þurfa að senda Rekstrarfélagi Sarps upplýsingar um ársverk eigi síðar en í ágúst ár hvert.

Í gjaldskrá 2017 er miðað við ársverk ársins 2014, í gjaldskrá ársins 2018 verður miðað við fyrirbyggjandi ársverk vegna ársins 2015 og þannig koll af kalli.

Lágmarksárgjald: Árgjald fyrir aðild að Sarpi verður aldrei lægra en sem nemur einu ársverki (nú 120.000 kr. á ári).

Ef tveir aðilar eða fleiri sem aðild eiga að Rekstrarfélagi Sarps sameinast, skal gjaldtaka frá næstu áramótum eftir að samruni eða sameining með öðrum hætti tekur gildi miðast við samanlagðan ársverkfjölda beggja eða allra aðila.

Ef tveir aðilar eða fleiri sem ekki eiga allir aðild að Rekstrarfélagi Sarps sameinast, skal gjaldtaka miðast við samanlagðan ársverkfjölda beggja eða allra aðila þegar að því kemur að sameiningarárið verður viðmið gjaldskrárinnar. Ef viðkomandi tekur við sameiningu upp nýtingu á Sarpi í starfi þess hluta safnsins sem ekki var aðili áður skal frá næstu áramótum eftir að samruni eða sameining með öðrum hætti tekur gildi miðast við samanlagðan ársverkfjölda beggja eða allra aðila.

Ofangreind verð eru án virðisaukaskatts.

Reikningar eru gefnir út ársfjórðungslega. Gjald dagi þjónustugjalds er 5. þess mánuðar er reikningur er gefinn út og eindagi fjórtán dögum eftir gjalddaga.

Aðild fyrirtækja og annarra sem ekki eru söfn:

- Árgjald fyrirtækja, þar með talin hlutafélög og sameignarfyrirtæki skal miða við **fimm** ársverk.
- Óski aðili sem ekki fellur í flokk safna eða fyrirtækja eftir aðild, úrskurðar framkvæmdastjórn Rekstrarfélags Sarps um gjaldtöku hans.

Önnur gjöld

Framkvæmdastjórn Rekstrarfélags Sarps getur tekið ákvörðun um að innheimta gjald fyrir aukaverk, sé umfang eða eðli þeirra þannig að það teljist umfram eðlilega þjónustu félagsins.

Verðhækkanir

Öll verð samkvæmt gjaldskrá þessari hækka miðað við vísitölu neysluverðs með grunnvísitölu í ágúst 2016 sem er 436,4. Fyrsta verðhækkun verður 1.1.2018 og tekur mið af vísitölu neysluverðs í ágúst 2017.

Dæmi um útreikning á árgjaldi:

Safn með 17,3 ársverk greiðir samtals 2.546.400 kr. sem reiknast þannig:

5 x 120.000

5 x 144.000

7,3 x 168.000